

## Minnisblað

**Til:** Borgarstjóra  
**Efni:** Samningur um innheimtuþjónustu og fruminnheimtu  
**Frá:** Fjármálastjóra

### Samningur um innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu

Þann 31. október voru opnuð tilboð í útboði nr. 13782 Fjármálaþjónusta, Innheimtuþjónusta ásamt fruminnheimtu. Alls lögðu þrír banka inn tilboð þ.e. Arion banki, sem hefur séð um þessa þjónustu fyrir Reykjavíkurborg undan farin ár, Landsbankinn og Íslandsbanki. Allir bjóðendur uppfylltu öll hæfnis- og fjárhagsskilyrði.

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í dag 11. nóvember 2016 að semja við lágstbjóðanda Íslandsbanka.

Þann 22. nóvember 2016, þegar kærufrestur var liðinn, komst á bindandi samningur á milli Reykjavíkurborgar og Íslandsbanka þar sem Íslandsbanki mun sjá um innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu fyrir Reykjavíkurborg frá 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2021.

Þrátt fyrir ákvæði um gildistíma samningsins er kaupanda heimilt að segja upp síðasta ári samningsins með sex mánaða fyrirvara og gildir hann þá um kröfur stofnaðar til og með 31.12.2020. Kaupanda er einnig heimilt, að fengnu samþykki seljanda, að framlengja samning um eitt ár og gildir samningurinn þá um kröfur stofnaðar til og með 31.12.2022.

Óskað var eftir tilboðum í neðangreinda þjónustuþætti m.v. áætlaðar magntölur og sendu bankarnir inn eftirfarandi tilboð:

Fjöldi skv. útboði	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbanki		
	Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.	Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.	Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.	
Stofngjald	740.000	49,0 kr.	36.260.000 kr.	15,0 kr.	11.100.000 kr.	14,0 kr.	10.360.000 kr.
Greiðslugjald	543.000		0 kr.	8,0 kr.	4.344.000 kr.	29,0 kr.	15.747.000 kr.
Þingreiðslugjald	147.000		0 kr.	7,0 kr.	1.029.000 kr.	22,0 kr.	3.234.000 kr.
Breytingargjald	84.000		0 kr.	14,0 kr.	1.176.000 kr.	0,0 kr.	0 kr.
Niðurfellingargjald	26.000		0 kr.	15,0 kr.	390.000 kr.	5,0 kr.	130.000 kr.
Krafa send í framhaldsinnheimtu	51.000		0 kr.	0,0 kr.	0 kr.	20,0 kr.	1.020.000 kr.
Þrítíngar í heimabanka	774.000	13,0 kr.	10.062.000 kr.	14,0 kr.	10.836.000 kr.	14,0 kr.	10.836.000 kr.
Innheimtuviðvörðun	54.000	85,0 kr.	4.590.000 kr.	135,0 kr.	7.290.000 kr.	100,0 kr.	5.400.000 kr.
Kröfubréf 2 fyrir Bilastæðasj	10.000	85,0 kr.	850.000 kr.	144,0 kr.	1.440.000 kr.	100,0 kr.	1.000.000 kr.
			<b>51.762.000 kr.</b>		<b>37.605.000 kr.</b>		<b>47.727.000 kr.</b>

Eins og sjá má er töluerður munur á milli hæsta og lægsta tilboðs eða kr. 14.157.000,-.

Ef borin eru saman þau verð sem Reykjavíkurborg er að borga fyrir þessa þjónustu á árinu 2016 má sjá að sparnaðurinn er tæpar 21 m.kr. á ári.

<u>Tilboðsgjafi</u>	<u>Tilboð í útboði</u>	<u>Sparn. frá 2016</u>
Arion banki	51.762.000,00 kr.	- 6.466.910,46 kr.
Íslandsbanki	37.605.000,00 kr.	- 20.623.910,46 kr.
Landsbankinn	47.727.000,00 kr.	- 10.501.910,46 kr.

### **Innleiðing innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu**

Um leið og kominn var á bindandi samningur á milli Reykjavíkurborgar og Íslandsbanka var hafist handa við innleiðingu. Innleiðing er vel á veg komin og munu prófanir hefjast á næstu dögum. Vonir standa til að niðurstöður þeirra prófanna verði jákvæðar og að útgáfa reikninga og innheimta muni ganga snurðulaust við skiptin.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri

*Helga Benediksdóttir,*  
deildarstjóri fjárstýringar